

Nr. 20-119 S 084 Helga María RE 1***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 1868
IMO: 8709793
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Útgerð: Brim hf
Stærð: 883 brl. 1470 bt.
Mesta lengd: 56,86 m *Skráð lengd*: 54,4 m
Breidd: 12,6 m *Dýpt*: 7,7 m
Vél: Wärtsilä, 2.200 kW, 1988.
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Eiríkur Jónsson

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. febrúar 2020 var Helga María RE 1 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 18 m/s.

Skipverji var að skera bönd af pokanema þegar hnífurinn sem hann notaði stakkt í vinstri úlnlið við þumalfingur. Sárið var saumað um borð.

Við rannsókn kom fram:

- að hnífurinn hrökk til á kengnum á nemanum og lenti í hendinni á slasaða;
- að hnífurinn var tenntur netahnífur;
- að eftir atvikið voru oddarnir slípaðir af netahnífunum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Nefndin bendir á fyrri ályktanir þar sem sjómenn hafa verið hvattir til að taka odda af hnífum sínum.